

6.000.000, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, er dæmt ógilt. Stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður skal afhenda stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni bréfið til aflýsingar.

Stefndu, Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður, greiði in solidum stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni kr. 1.232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1981.

Nr. 230/1981. **Ákærvaldið**

gegn

Halldóri Fannar Ellertssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Í hinum kærða úrskurði eru tilgreind þrjú mál á hendur kærða, sem undanfarnar vikur og mánuði hafa verið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Í sakadómi Akureyrar er til meðferðar mál á hendur kærða samkvæmt ákæru, útgefinni 15. september sl. Undir áfrýjun eru tveir dómar . . .“

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð :

Hiinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Halldóri Fannar Ellertssyni verkamanni, til heimilis að Kötlufellu 3 hér í borg, fæddum 30. nóvember 1950, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. desember nk., kl. 1700, með skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði hefur við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og nú fyrir dómi viðurkennt að hafa stolið kr. 1.000 og bankabók í íbúð að Njálsgötu 102 hér í borg sl. föstudag.

Á undanförnum mánuðum hefur rannsóknarlögregla ríkisins tekið eftirfarandi mál á hendur kærða til rannsóknar, og er rannsókn í þeim að mestu lokið: Mál RLR nr. 1217/81, þjófnaður á ritsafni Guðmundar Kamban. RLR mál nr. 1743/81, þjófnaður á bankabók, hálsmeni og myndavél á Seyðisfirði í júní 1981: Kærði tók kr. 1.000 út úr bókinni. RLR mál nr. 2103/81, aðild að stuldi á fjórum ávísanaheftum og viðtæk fölsun úr þeim í júlí og ágúst 1981, samtals að fjárhæð kr. 14.118.00. RLR mál nr. 2816/81, þjófnaður á ávísanahefti og útgáfu ávísana í október 1981. 10 ávísanir að fjárhæð kr. 6.680.00 hafa borist.

Mál þessi voru borin undir kærða nú fyrir dómi, og kannaðist hann við þau.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu ríkisins munu vera til meðferðar mál á hendur kærða hjá Hæstarétti Íslands og ríkissaksóknara.

Engum málum á hendur kærða mun ólokið hjá sakadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann frá árinu 1975 hlotið samtals 6 óskilorðsbundna fangelsisdóma í samtals 33 mánuði fyrir skjalafals, þjófnað og önnur brot.

Með hliðsjón af framansögðu og sakaferli kærða þykja leiddar að því verulegar líkur, að kærði muni halda áfram brotum, ef hann hefur óskert frelsi. Ber því með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka til greina kröfu rannsóknarlög-

reglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Halldór Fannar Ellertsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. desember 1981, kl. 1700.

Föstudaginn 13. nóvember 1981.

Nr. 28/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Alfreð Gústaf Maríussyni

(Gunnar Sólnes hrl.).

Áfrýjun. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengis­lögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdómi er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds „til styttingar á tíma ökuleyfissviptingar“, en ákærði lýsti sig vilja tæna dómnum, er honum var birtur hann hinn 17. september 1980.

Ákærði er fæddur 7. mars 1962. Hann var því ekki fullra 18 ára, er hann framdi það brot, sem hann sætti fyrir fjársekt og sviptingu ökuleyfis með dómssátt í sakadómi Dalvíkur 5. mars 1980. Hefur það því ekki ítrekunaráhrif á það brot, sem ákæran í þessu máli tekur til, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tilgangur ákærvalds með áfrýjun héraðsdóms, sá sem að framan var greindur, stendur því ekki í vegi, að ákvæði